

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Hungurfit, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 13. desember 2023, tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi frá 21. ágúst 2013 fyrir Hungurfit. Lóðin Þ3 á að færast suður fyrir aðkomuvegin, frá tjaldsvæðinu, þar sem fyrra svæði telst ekki gott til bygginga vegna vatnssöfnunar. Lóð Þ2 minnkar aðeins en byggingarreitur helst óbreyttur. Aðkoma að svæðinu er af Hungurfitsleið að Fjallabaki.

Hagaholt, (Kotsholt), deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 14. ágúst 2024, tillögu að deiliskipulagi fyrir Hagaholt. Með tillögunni mun verða afmarkaður byggingarreitur fyrir íbúðarhús, frístundahús, hesthús og skemmu til frístundabúskapar á landareigninni, áætlaður búskapur er hrossabúskapur, skógrækt og matjurtarækt. Aðkoma að lóðunum er af Hagabraut (286).

Deiliskipulagstillögurnar öðlast þegar gildi.

Hellu, 19. september 2024.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 3. október 2024